

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Við heilbrigðisbrautir á bls. 146 - 153 bætist ný námsbraut:

Námsbraut fyrir hjúkrunar- og móttökuritari (HM)

71 ein.

Nám á námsbraut fyrir hjúkrunar- og móttökuritari er ætlað starfsfólki í heilbrigðisþjónustu sem annast móttöku sjúklinga, ýmiss konar skráningu gagna og almenn skrifstofustörf. Námið er 71 eining og skiptist í þriggja anna bóklegt nám, samtals 47 einingar, og 24 vikna starfsþjálfun á heilbrigðisstofnunum sem metin er til 24 eininga.

Almennar greinar

14 ein.

| | | |
|------------|-----------------|--------|
| Íslenska | ÍSL 102 202 | 4 ein. |
| Erlend mál | ENS 102 | 2 ein. |
| Stærðfræði | STÆ 102 | 2 ein. |
| Lífsleikni | LKN 103 | 3 ein. |
| Íþróttir | ÍPR 101 111 201 | 3 ein. |

Sérgreinar

33 ein.

| | | |
|------------------------------|-------------|--------|
| Fagmál lyfja- og læknisfræði | FAL 101 | 1 ein. |
| Heilbrigðisfræði | HBF 103 | 3 ein. |
| Líkamsbeiting | LÍB 101 | 1 ein. |
| Lyfjafræði | LYF 112 | 2 ein. |
| Ritvinnsla | RIT 123 | 3 ein. |
| Samskipti | SAM 103 | 3 ein. |
| Sálfræði | SÁL 103 203 | 6 ein. |
| Siðfræði | SIÐ 103 | 3 ein. |
| Skjalastjórnun | SKL 101 | 1 ein. |
| Skyndihjálp | SKY 101 | 1 ein. |
| Tölvufræði (notkun) | TÖL 123 222 | 5 ein. |
| Upplýsingatækni | UTN 103 | 3 ein. |
| Vinna og vinnumarkaður | VIN 101 | 1 ein. |

Starfsþjálfun

24 ein.

Starfsþjálfun 24 vikur

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. mars 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.